# ÁRSSKÝRSLA 2024



## Frjálsíþróttadeild UMF.Selfoss

**Stofnuð 1962**

# Formannspistill

Nú er enn eitt ár liðið í starfsemi deildarinnar. Held að það sé óhætt að segja að starfið hafi gengið vel. Góður árangur náðist á kepnnivellinum, sigrar á mótum, margar persónulegar bætingar, mörg HSK met fallin og aldursflokkamet sett.

Lið HSK Selfoss sigraði MÍ 15-22 ára í janúar og einnig í júní í fyrra og er þetta 3ja árið í röð sem þessi hópur landar Íslandsmeistaratiltlinum. Iðkendur deildarinnar tóku einnig þátt í meistaramótum fullorðinna og bikarkeppnum FRÍ og náðu margir góðum árangri og komust á verðlaunapall.
Lið HSK Selfoss sigraði MÍ 11-14 ára sem fram fór á Laugum í Þingeyjarsýslu.
Daníel Breki Elvarsson tók þátt í Norðurlandameistaramóti U20 í Danmörku í ágúst og stóð hann sig með mikilli prýði og kastaði spjótinu 55,07m og lenti í 8.sæti.
Hjálmar Vilhelm Rúnarsson tók þátt í Norðurlandameistaramóti í tugþraut U18 sem haldin var á ÍR vellinum í Reykjavík í júní. Hjálmar stóð sig afskaplega vel og lendi í 5.sæti og var efstur þeirra sem fæddir eru árið 2008.

Stór hópur keppenda fór út til Svíþjóðar í byrjun júlí og gekk ferðin vel í alla staði, bæði innan vallar og utan. Ásta Kristín Ólafsdóttir vann til gullverðlauna í sprjótkasti. Bryndís Embla vann gull í kúluvarpi og náði silfri í spjótkasti og Hjálmar Vilhelm vann silfur í spjótkasti. Virkilega glæsilegur árangur hjá þessum ungu íþróttamönnum okkar.

Deildin kom að því að halda MÍ 15-22 ára á Selfossvelli sl. sumar. Framkvæmd mótsins tókst mjög vel og var mótið valið Frjálsíþróttaviðburður ársins á lokahófi FRÍ sem fram fór í desember sl. og er það annað árið í röð sem mót haldið á Selfossvelli hlýtur.

Nú mörg fleiri mót voru haldin og sótt af iðkendum deildarinnar og ég tel þau ekki öll upp hér en nánari upplýsingar má finna í ársskýrslunni.

Iðkendur í frjálsíþróttaakademíu Fsu fóru í æfingarferð til Spánar fyrir páska og var ferðin vel lukkuð í flesta staði. Fyrirhuguð er æfingarferð meistaraflokks til Tenerife um páskana í ár.

Fjöldi iðkenda í akademíu við FSu hefur áfram verið með ágætum og kemur það sér rekstri deildarinnar vel. Vonandi verða enn fleiri sem munu koma inn í akademíuna næsta vetur.

Deildin hefur sem fyrr á að skipa framúrskarandi þjálfurum. Engar stórar breytingar urðu á þjálfarahópnum á síðasta ári. Það er ómetanlegt fyrir deildina og starf hennar að hafa svona góðan þjálfarahóp eins og raun ber vitni. Þess ber að geta að Rúnar Hjálmarsson yfirþjálfari deildarinnar hlaut hvatningarverðlaun unglingaþjálfara á uppskeru hátíð FRÍ í desember sl. Rúnar er virkilega vel að þessari viðurkenningu komin og erum við hjá deildinni afar ánægð með hans störf.

Grýlupottahlaupið var á sínum stað í starfi deildarinnar sl. vor og var þátttaka með ágætum þrátt fyrir að ekki hafi alltaf viðrað vel. Hlaupið verður að sjálfsögðu á dagskrá í vor og verður þetta í 55.skipti sem hlaupið er haldið.

Brúarhlaupið var einnig á sínum stað í fyrrasumar. Framkvæmd hlaupsins tókst mjög vel og jókst fjöldi þátttakenda verulega frá fyrra ári. Kemur það sér vel fyrir fjárhag deildarinnar þar sem það er ein stærsta fjáröflun hennar. Hlaupið fékk svo viðurkenningu sem 3ja besta götuhlaup ársins 2024 og er það hvatning til að gera framkvæmdina enn betri á þessu ári.

Fjármál deildarinnar eru í jafnvægi ef svo má að orði komast. Lítilsháttar afgangur varð af rekstri deildarinnar en eins og alltaf þarf að halda vel á málum.  Æfingagjöld voru hækkuð í fyrra og ljóst er að þau þurfa áfram að hækka í samræmi við aðrar kostnaðarhækkanir sem deildin þarf að standa straum af.
Nú nýverið tilkynntu skattayfirvöld að þau hyggist taka á ýmsum málum er varða íþróttahreyfinguna t.d. verktakagreiðslur starfsmanna. Ljóst er að niðurstaða í því máli getur haft veruleg áhrif fjárhag deildarinnar.

Að lokum vil ég þakka stjórn deildarinnar fyrir samstarfið á árinu og öllum þjálfurum, foreldrum, sjálfboðaliðum og iðkendum. Einnig þakka ég öllum þeim fyrirtækjum og stofnunum sem styrktu starfsemi deildarinnar með margvíslegum hætti, má þar helst nefna Coca Cola, Landsbankann, Eimskip og Nettó.

# Áritun stjórnar deildar

Stjórn Frjálsíþróttadeildar Umf. Selfoss staðfestir hér með ársreikning Frjálsíþróttadeildar fyrir árið 2024 með undirritun sinni.

Selfossi 19.02 2025.

Stjórn;

Vignir Þór Friðbjartsson

Hjalti Jón Kjartansson

Helgi S. Haraldsson

Guðrún Ása Kristleifsd.

# Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn Umf. Selfoss, höfum yfirfarið ársreikning Frjálsíþróttadeildar Umf. Selfoss fyrir árið 2024 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Selfossi 18.02 2025

Kjörnir skoðunarmenn;

Sigríður Helga Einarsdóttir

Kristín Traustadóttir

# Frjálsíþróttadeild Umf. Selfoss

| | | Skýr. | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|---|
| **10000 REKSTRARTEKJUR** | | | | |
| 11000 | Framlög og styrkir | 1 | 8.775.658 | 7.938.345 |
| 22000 | Félags- og æfingagjöld | 2 | 9.434.378 | 7.913.146 |
| 22250 | Aðrar tekjur | 3 | 2.390.000 | 3.940.677 |
| 2999 | Rekstrartekjur alls | | 20.600.036 | 19.792.168 |
| **30000 REKSTRARGJÖLD** | | | | |
| 31000 | Laun og verktakagreiðslur | 4 | 15.221.836 | 17.253.148 |
| 36000 | Félagaskipti og sala leikmanna | 5 | 10.000 | 10.000 |
| 37000 | Áhöld og tæki | 6 | 67.673 | 319.078 |
| 40000 | Þátttaka í mótum | 7 | 1.363.981 | 936.285 |
| 45000 | Kostnaður v/mótahalds | 8 | 119.680 | 151.769 |
| 53000 | Rekstur deildar/skrifstofu | 9 | 2.857.471 | 288.598 |
| 56000 | Kynning, fræðsla og útbreiðsla | 10 | 329.525 | 716.875 |
| 60000 | Kostnaður v/samkeppnisreksturs | 11 | 822.649 | 541.821 |
| 72100 | Afskriftir | | 196.928 | 122.185 |
| 74999 | Rekstrargjöld alls | | 20.989.743 | 20.339.759 |
| 75000 Hagnaður (tap) án fjármagnsliða | | | ( 389.707 ) | ( 547.591 ) |
| **76000 FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD** | | | | |
| 76100 | Vaxtatekjur | | 574.597 | 593.261 |
| 76200 | Vaxtagjöld | | ( 21.058 ) | ( 8.963 ) |
| 76500 | Þjónustugjöld banka | | ( 141.423 ) | ( 102.156 ) |
| 76700 | Fjármagnstekjuskattur | | 23.091 | ( 25.538 ) |
| 78999 | Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld alls | | 435.207 | 456.604 |
| **79000 Hagnaður (tap) tímabilsins** | | | 45.500 | ( 90.987 ) |

# Frjálsíþróttadeild Umf. Selfoss

| | Skýr. | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| **80000 EIGNIR** | | | |
| **81000 FASTAFJÁRMUNIR** | | | |
| 83200 Áhöld og tæki | | 1.393.546 | 1.182.288 |
| 83210 Tölvur og tímatökutæki | | 708.294 | 786.993 |
| 83250 Bingóspjöld | | 15.095 | 15.095 |
| 84999 Fastafjármunir alls | | 2.116.935 | 1.984.376 |
| **85000 VELTUFJÁRMUNIR** | | | |
| 87100 Viðskiptakröfur | | 879.111 | 84.000 |
| 88000 Handbært fé | 13 | 12.888.709 | 14.758.248 |
| 89998 Veltufjármunir alls | | 13.767.820 | 14.842.248 |
| 89999 Eignir samtals | | 15.884.755 | 16.826.624 |
| **90000 SKULDIR OG EIGIÐ FÉ** | | | |
| **91000 EIGIÐ FÉ** | | | |
| 91100 Óráðstafað eigið fé | | 13.135.024 | 13.226.011 |
| 91300 Tekjuafgangur ársins | | 45.500 | ( 90.987 ) |
| 91999 Eigið fé alls | | 13.180.524 | 13.135.024 |
| **94000 SKAMMTÍMASKULDIR** | | | |
| 94001 Ógreidd launatengd gjöld | 14 | 207.452 | 104.692 |
| 95700 Viðskiptaskuldir | | 2.496.779 | 3.586.908 |
| 99997 Skammtímaskuldir alls | | 2.704.231 | 3.691.600 |
| 99999 Skuldir og eigið fé samtals | | 15.884.755 | 16.826.624 |

# Frjálsíþróttadeild Umf. Selfoss

| | | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| **11000** | **1. Framlög og styrkir** | | |
| 11100 | Styrkir frá FRÍ | 0 | 50.000 |
| 11120 | Ferðastyrkur frá ÍSÍ | 5.131 | 63.604 |
| 11200 | Styrkir frá UMFÍ | 0 | 61.585 |
| 11300 | Lottó | 904.200 | 810.910 |
| 11522 | Frjálsíþróttaakademía | 3.211.113 | 2.566.982 |
| 11525 | Styrkur v/fyrirmyndarfélag | 500.000 | 500.000 |
| 11530 | Styrkir frá opinberum aðilum | 300.000 | 256.911 |
| 11630 | Verkefnasjóður HSK | 120.000 | 200.000 |
| 11710 | Afreks- og styrktarsjóður UMFS/Árborgar | 0 | 25.000 |
| 11735 | Styrkur v/starfsmaður deilda | 1.972.000 | 1.972.000 |
| 11745 | Styrkir vegna reksturs mfl. | 350.000 | 600.000 |
| 11750 | Barna- og unglingastyrkur UMFS | 450.746 | 470.063 |
| 12100 | Ýmis fyrirtæki | 962.468 | 361.290 |
| 14999 | Framlög og styrkir alls | 8.775.658 | 7.938.345 |
| **22000** | **2. Félags- og æfingagjöld** | | |
| 22200 | Æfingagjöld | 6.935.626 | 7.913.146 |
| 22220 | Þátttökugjöld vegna akademíu | 2.498.752 | 0 |
| 22249 | Félags - og æfingagjöld samtals | 9.434.378 | 7.913.146 |
| **22250** | **3. Aðrar tekjur** | | |
| 23300 | Brúarhlaup tekjur | 2.265.000 | 1.526.100 |
| 23600 | Aðrar fjáraflanir | 125.000 | 2.414.577 |
| 29998 | Aðrar tekjur samtals | 2.390.000 | 3.940.677 |
| **31000** | **4. Laun og verktakagreiðslur** | | |
| 32200 | Laun þjálfara | 5.540.250 | 5.177.084 |
| 32500 | Tryggingagjald | 479.310 | 453.135 |
| 32600 | Lífeyrissj./endurmenntunarsj. | 747.932 | 698.906 |
| 32700 | Orlofs- og sjúkrasjóður | 91.419 | 85.423 |
| 33200 | Bifreiðastyrkir þjálfara | 1.260.000 | 1.260.000 |
| 33500 | Dagpeningar | 780.000 | 780.000 |
| 34100 | Laun starfsmanna | 921.000 | 1.400.000 |
| 34200 | Laun þjálfara meistaraflokks | 2.126.000 | 2.897.500 |
| 34500 | Laun þjálfara yngri flokka | 3.275.925 | 4.501.100 |
| 34999 | Laun og verktakagreiðslur alls | 15.221.836 | 17.253.148 |
| **36000** | **5. Félagaskipti og sala leikmanna** | | |
| 36400 | Félagaskipti | 10.000 | 10.000 |
| 36499 | Félagaskipti og sala leikmanna alls | 10.000 | 10.000 |
| **37000** | **6. Áhöld og tæki** | | |
| 37100 | Búningar | ( 21.447 ) | 0 |
| 37200 | Íþróttaáhöld | 89.120 | 68.182 |
| 38100 | Önnur áhöld | 0 | 250.896 |
| 39999 | Áhöld og tæki alls | 67.673 | 319.078 |
| **40000** | **7. Þátttaka í mótum** | | |
| 42510 | Annar kostn. erlendis | 446.701 | 100.000 |
| 43000 | Þátttökugjald | 917.280 | 790.900 |
| 44200 | Grýlupottahlaup | 0 | 45.385 |
| 44999 | Þátttaka í mótum alls | 1.363.981 | 936.285 |
| **45000** | **8. Kostnaður v/mótahalds** | | |
| 45100 | Verðlaunapeningar/bikarar | 71.425 | 52.080 |
| 46100 | Annar mótahaldskostnaður | 48.255 | 99.689 |
| 47999 | Kostnaður v/mótahalds alls | 119.680 | 151.769 |

# Frjálsíþróttadeild Umf. Selfoss

| | | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| **53000** | **9. Rekstur deildar/skrifstofu** | | |
| 53100 | Sími | 48.231 | 66.508 |
| 53400 | Prentkostnaður | 0 | 22.568 |
| 54100 | Annar skrifstofukostnaður | 359.240 | 179.198 |
| 54200 | Flutningskostnaður | 0 | 20.324 |
| 54600 | Kostnaður v. þjálfara | 2.450.000 | 0 |
| 55999 | Rekstur deildar/skrifstofu alls | 2.857.471 | 288.598 |
| **56000** | **10. Kynning, fræðsla og útbreiðsla** | | |
| 56300 | Styrkir til afreksmanna | 0 | 350.000 |
| 56600 | Árgjöld til sérsambanda | 329.525 | 216.875 |
| 59100 | Annar fræðslu og útbreiðslukostnaður | 0 | 150.000 |
| 59999 | Kynning, fræðsla og útbreiðsla alls | 329.525 | 716.875 |
| **60000** | **11. Kostnaður v/samkeppnisreksturs** | | |
| 62200 | Kostnaður v/Brúarhlaups | 796.609 | 541.821 |
| 62500 | Kostnaður v/Grýlupottahlaup | 26.040 | 0 |
| 64999 | Kostnaður v/samkeppnisreksturs alls | 822.649 | 541.821 |
| **83000** | **12. Varanlegir rekstrarfjármunir** | | |
| 83200 | Áhöld og tæki | 1.393.546 | 1.182.288 |
| 83210 | Tölvur og tímatökutæki | 708.294 | 786.993 |
| 83250 | Bingóspjöld | 15.095 | 15.095 |
| 83999 | Varanlegir rekstrarfjármunir alls | 2.116.935 | 1.984.376 |
| **88000** | **13. Handbært fé** | | |
| 88100 | 152-26-14540 LÍ | 2.909.111 | 3.828.915 |
| 88200 | 152-05-262814 Fjáröflun 9-11 ára | 30.769 | 29.917 |
| 88400 | 152-05-75245 Fjáröflun meistarafl. | 378.207 | 1.813.257 |
| 88500 | 0152-05-260118 Fjáröflun 12-14 ára | 2.086.141 | 1.665.754 |
| 88550 | 0152-15-381183 | 7.484.481 | 7.420.405 |
| 88997 | Handbært fé alls | 12.888.709 | 14.758.248 |
| **94001** | **14. Ógreidd launatengd gjöld** | | |
| 94100 | Ógreidd laun | 0 | ( 93.900 ) |
| 94120 | Ógreitt í lífeyrissjóð | 88.347 | 83.692 |
| 94140 | Ógreidd félagsgjöld | 11.495 | 10.889 |
| 94300 | Ógreidd staðgreiðsla | 68.456 | 66.569 |
| 94500 | Ógreitt tryggingagjald | 39.154 | 37.442 |
| 94997 | Ógreidd launatengd gjöld alls | 207.452 | 104.692 |

**Fjárhagsáætlun Frjálsíþróttadeildar UMF.Selfoss fyrir árið 2025.**

| | | Áætlun | Raun | Raun |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur:** | | **2025** | **2024** | **2023** |
| 11100 | Styrkir FRÍ | 0 | 0 | 50.000 |
| 11120 | Ferðastyrkir ÍSÍ | 15.000 | 5.131 | 63.604 |
| 11200 | Styrkir UMFÍ | 0 | 0 | 61.585 |
| 11300 | Lottó | 900.000 | 904.200 | 810.910 |
| 11522 | Frjálsíþróttaakademía | 3.000.000 | 3.211.113 | 2.566.982 |
| 11525 | Árborg fyrirmyndarfélag | 500.000 | 500.000 | 500.000 |
| 11530 | Opinberir styrkir | 300.000 | 300.000 | 256.911 |
| 11630 | Styrkir HSK | 120.000 | 120.000 | 200.000 |
| 11710 | Afreks- og styrktarsjóður UMFS/Árborgar | 0 | 0 | 25.000 |
| 11735 | Árborg v. Starfsmanna | 2.000.000 | 1.972.000 | 1.972.000 |
| 11745 | Styrkur v.reksturs meistaraflokks | 400.000 | 350.000 | 600.000 |
| 11750 | Barna- og unglingastyrkur | 500.000 | 450.746 | 470.063 |
| 12100 | Ýmis fyrirtæki | 200.000 | 962.468 | 361.290 |
| 22200 | Æfingagjöld | 10.900.000 | 9.434.378 | 7.913.146 |
| 23300 | Brúarhlaup Selfoss | 2.300.000 | 2.265.000 | 1.526.100 |
| 23600 | Aðrar fjáraflanir | 200.000 | 125.000 | 2.414.577 |
| **Samtals:** | | **21.335.000** | **20.600.036** | **19.792.168** |

**Rekstrargjöld:**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 31000 | Laun og verktakagreiðslur | 16.000.000 | 15.221.836 | 17.253.148 |
| 36400 | Félagaskipti | 10.000 | 10.000 | 10.000 |
| 37100 | Búningar kaup | 0 | -21.447 | 0 |
| 37200 | Íþróttaáhöld | 120.000 | 89.120 | 68.182 |
| 38100 | Önnur áhöld | 30.000 | 0 | 250.896 |
| 43000 | Þátttaka í mótum | 800.000 | 1.363.981 | 936.285 |
| 45100 | Verðlaun/viðurkenningar | 100.000 | 71.425 | 52.080 |
| 46100 | Mótahaldskostnaður | 120.000 | 48.255 | 99.689 |
| 53100 | Sími/net | 0 | 48.231 | 66.508 |
| 53400 | Prentkostnaður | 50.000 | 0 | 22.568 |
| 54100 | Annar skrifstofukostnaður | 300.000 | 359.240 | 179.198 |
| 54200 | Flutningskostnaður | 20.000 | 0 | 20.324 |
| 54600 | Kostnaður v. Þjálfara | 2.500.000 | 2.450.000 | 0 |
| 56100 | Námskeiðskostnaður | 80.000 | 0 | 0 |
| 56300 | Styrkir til afreksfólks | 200.000 | 0 | 350.000 |
| 56600 | Árgjöld til sérsambanda | 350.000 | 329.525 | 216.875 |
| 59100 | Annar fræðslu og útbr.kostn. | 0 | 0 | 150.000 |
| 62200 | Brúarhlaup Selfoss kostnaður | 800.000 | 796.609 | 541.821 |
| 62500 | Grýlupottahlaup kostnaður | | 26.040 | 0 |
| 72100 | Afskriftir | 200.000 | 196.928 | 122.185 |
| **Samtals:** | | **21.680.000** | **20.989.743** | **20.339.759** |

**Fjármagnsliðir:**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 76100 | Vaxtatekjur | 550.000 | 574.597 | 593.261 |
| 76200 | Vaxtagjöld | 0 | -21.058 | -8.963 |
| 76500 | Þjónustugjöld banka | -140.000 | -141.423 | -102.156 |
| 76700 | Fjármagnstekjuskattur | 0 | 23.091 | -25.538 |
| **Samtals:** | | **410.000** | **435.207** | **456.604** |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Niðurstöðutölur** | **65.000** | **45.500** | **-90.987** |

**Meistaraflokkur Umf.Selfoss**

Unglingarnir í Meistaraflokknum náðu þeim frábæra árangri að verða Íslandsmeistarar þriðja árið í röð. Mæting á æfingar var fín og skiptir þar sköpum að hafa innanhússaðstöðuna alltaf til taks þvi sumarið skartaði ekki sínu fegursta þetta árið. Mjög mörg afrek voru unnin, stórir titlar , HSK-met, Íslandsmet og fullt af persónulegum bætingum. Flott þátttaka var í akademíunni sem skiptir deildina miklu máli, þar er frábært tækifæri til að æfa á skólatíma. Góð ferð var hjá deildinni á Gautaborgarleikana í sumar þar sem okkar fólk náði á verðlaunapallinn.

**Helstu mót ársins 2024**

**Janúar – maí**

**Unglingameistaramót Íslands 15-22 ára 13-14 janúar**

Lið HSK/Selfoss sigraði stigakeppnina með 324,5 stig og urðu Íslandsmeistarar innanhúss. Þrír flokkar unnust, 15 ára flokkar stúlkna og 16-17 og 18-19ára flokkar pilta. Selfosskeppendur unnu til 13 gullverðlauna, 10 silfurverðlauna og 13 bronsverðlauna. Hjálmar Vilhelm Rúnarsson og Sunna Maríanna Kjartansdóttir urðu bæði þrefaldir Íslandsmeistarar og Bryndís Embla Einarsdóttir vann til tveggja Íslandsmeistaratitla.

**Unglingamót HSK 28.janúar**

Unglingamót HSK fór fram í Lindexhöllinni. 29 keppendur voru skráðir til leiks og átti Selfoss stóran hluta keppenda. Mótið tókst vel og var mikið um bætingar og góðan árangur. Hjálmar Vilhelm Rúnarsson, Daníel Breki Elvarsson og Sunna Maríanna Kjartansd Lubecki urðu fjórfaldir HSK meistarar. Selfoss sigraði stigakeppnina með miklum yfirburðum

**Meistaramót Íslands 17-18 febrúar**

8 keppendur frá Selfossi tóku þátt í mótinu sem haldið var í Reykjavík. Hjálmar Vilhelm Rúnarsson vann til bronsverðlauna í hástökki er hann vippaði sér yfir 1.82m og Þorvaldur Gauti Hafsteinsson vann til bronsverðlauna í 800m hlaupi á tímanum 1:58,45 mín

**Meistararamót Íslands í fjölþrautum 24.-25.febrúar**

3 keppendur frjálsíþróttadeildar tóku þátt. Hjálmar Vilhelm Rúnarsson vann silfurverðlaun í sjöþraut pilta og Ísold Assa Guðmundsdóttir vann til silfurverðlauna í fimmtarþraut stúlkna

.

**HSK mót 3.mars**

Héraðsmótið fór fram í Lindexhöllinni á Selfossi. Selfoss sendi 21 keppanda til leiks en alls voru skráðir 35 keppendur á mótið. Selfoss sigraði stigakeppnina örugglega. Hjálmar Vilhelm Rúnarsson varð þrefaldur HSK meistari og þau Örn Davíðsson, Hildur Helga Einarsdóttir og Hanna Dóra Höskuldsdóttir náðu öll einum titli.

**18.Bikarkeppni FRÍ 17.mars**

18. Bikarkeppni FRÍ var haldin 17.mars í Hafnarfirði. Ungt lið HSK/Selfoss endaði í 5 sæti kepnninnar. Bestum árangri náðu þeir Örn Davíðsson og Hjálmar Vilhelm Rúnarsson en þeir urðu í öðru sæti, Örn í kúluvarpi og Hjálmar Vilhelm í þrístökki. Ísold Assa Guðmundsdóttir náði þriðja sætinu í stangarstökki.l

**10. Bikarkeppni 15 ára og yngri 17.mars**

Bikarkeppni FRÍ 15 ára og yngri var haldin í Kaplakrika 17.mars. Ungt lið HSK/Selfoss endaði í 5.sæti stigakeppninnar. Bryndís Embla Einarsdóttir varð Bikarmeistari og Anna Metta Óskarsdóttir vann til tveggja silfurverðlauna.

**Vormót HSK 22.maí**

Vormót HSK fór fram á Selfossvelli 22. maí. 71 keppandi var skráður til leiks og náðist ágætis árangur á m ótinu og flott byrjun á keppnistímabilinu

**Júní - september**

**Unglingameistaramót Íslands 15-22 ára 21-22.júní**

Lið HSK/Selfoss sigraði stigakeppnina með glæsibrag og hlaut liðið 414 stig og urðu Íslandsmeistarar utanhúss. Þrír flokkur unnust, piltar 16-17 ára og stúlkur 15 ára og 16-17 ára. Stúlkur 18 -19 ára lentu í öðru sæti og 20-22 ára stúlkur í þriðja sæti. Alls unnu Selfosskeppendur 18 Íslandsmeistaratitla auk þess sem þeir unnu til 17 silfurverðlauna og 14 bronsverðlauna. Hjálmar Vilhelm Rúnarsson varð fjórfaldur Íslandsmeistari og Ísold Assa Guðmundsdóttir varð þrefaldur Íslandsmeistari. Þær systur Hildur Helga og Bryndís Embla Einarsdætur urðu síðan báðar tvöfaldir Íslandsmeistarar.

**98. Meistaramót Íslands 28.-29.júní**

98. Meistaramót Íslands var haldið á Akureyri. Selfoss átti 3 keppendur á mótinu sem stóðu sig mjög vel. Bryndís Embla vann til silfurverðlauna í spjótkasti.

**Vårldungdomsspelen 5.-7 júlí í Gautaborg**

Selfoss sendi vaska sveit keppenda á stórt alþjóðlegt mót. Keppendur okkar stóðu sig frábærlega og unnu til verðlauna auk þess sem mjög margir voru að bæta sinn besta árangur. Bryndís Embla Einarsdóttir sigraði glæsilega í kúluvarpi auk þess sem hún vann til silfurverðlauna í spjótkasti. Hjálmar Vilhelm Rúnarsson vann til silfurverðlauna í spjótkasti

**Unglingamót HSK 16.júlí**

Unglingamót HSK fór fram 16.júlí á Selfossvelli, 30 keppendur voru skráðir til leiks og átti Selfoss helming keppenda eða 15 keppendur. Mótið tókst vel og var mikið um bætingar og góðan árangur. Hjálmar Vilhelm Rúnarsson varð áttfaldur HSK meistari og þær Hanna Dóra Höskuldsdóttir og Hugrún Birna Hjaltadóttir urðu báðar sexfaldir HSK meistarar.

**25. Unglingalandsmót UMFÍ Borgarnesi 2.-4.ágúst**

25.Unglingalandsmót UMFÍ var haldið í Borgarnesi 2.-4. ágúst. Mótið var mjög vel heppnað og frábært að sjá unglinga skemmta sér í hinum ýmsu íþróttagreinum og njóta þess að vera með fjölskyldu og vinum. Hjálmar Vilhelm Rúnarsson varð fjórfaldur Landsmótsmeistari en þau Daníel Breki Elvarsson, Arndís Eva Vigfúsdóttir, Bryndís Embla Einarsdóttir og Arna Hrönn Grétarsdóttir urðu öll Landsmótsmeistarar.

**Norðurlandameistaramótið U20 Danmörku 10.-11. Ágúst**

Daníel Breki Elvarsson var valinn til að keppa fyrir Íslands hönd í spjótkasti. Hann stóð sig mjög vel þegar hann kastaði spjótinu 55,07m og lenti í 8.sæti

**Héraðsmót HSK 12.-13.ágúst**

Héraðsmót HSK fór fram á Selfossvelli 12.-13.ágúst. Góð þáttaka og flottur andi ríkti á mótinu, sigraði Selfoss heildarstigakeppnina með 397 stig. Hjálmar Vilhelm Rúnarsson varð fimmfaldur Héraðsmeistari og þær Hanna Dóra Höskuldsdóttir og Anna Metta

Óskarsdóttir urðu báðar þrefaldir Héraðsmeistarar. Tvöfaldir Héraðsmeistarar urðu síðan Bryndís Embla Einarsdóttir, Ágústa Tryggvadóttir og Daníel Breki Elvarsson.

**57. Bikarkeppni 17.ágúst**

57.bikarkeppni FRI fór fram í Kópavogi 17.ágúst. Lið HSK/Selfoss hafnaði í 3.sæti með 108 stig í heildarstigakeppninni sem er góður árangur hjá okkar unga keppnisliði. Selfosskeppendur hlutu 5 verðlaun. Kristinn Þór Kristinsson varð Bikarmeistari í 3000m hlaupi. Hjálmar Vilhelm vann til silfurverðlauna í þrístökki og Örn Davíðsson fékk silfurverðlaun í spjótkasti. Bryndís Embla Einarsdóttir vann til silfurverðlauna í spjótkasti og að lokum vann Hanna Dóra Höskuldsdóttir til bronsverðlauna í 100m grindahlaupi.

**14. Bikarkeppni FRÍ 15 ára og yngri 17.ágúst**

14. Bikarkeppni FRÍ 15 ára og yngri fór fram í Kópavogi. Lið HSK/Selfoss hafnaði í 4.sæti keppninnar með 92 stig. Þær Anna Metta Óskarsdóttir, Arndís Eva Vigfúsdóttir og Bryndís Embla Einarsdóttir urðu allar Bikarmeistarar.

## Verðlaun hjá meistaraflokknum á stórmótum 2024

**Unglingameistaramót Íslands, innanhúss**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Gull | Hjálmar Vilhelm Rúnarsson | Langstökk | 6,32m |
| Gull | Hjálmar Vilhelm Rúnarsson | Þrístökk | 12,63m |
| Gull | Hjálmar Vilhelm Rúnarsson | Kúluvarp | 14,31m |
| Gull | Sunna Maríanna Kjartansdóttir | 200m hlaup | 29,20s |
| Gull | Sunna Maríanna Kjartansdóttir | Langstökk | 4,41m |
| Gull | Sunna Maríanna Kjartansdóttir | Þrístökk | 9,20m |
| Gull | Bryndís Embla Einarsdóttir | Stangarstökk | 2,30m |
| Gull | Bryndís Embla Einarsdóttir | Kúluvarp | 10,78m |
| Gull | Hugrún Birna Hjaltadóttir | Langstökk | 5,27m |
| Gull | Ísold Assa Guðmundsdóttir | Stangarstökk | 2,70m |
| Gull | Hildur Helga Einarsdóttir | Kúluvarp | 10,61m |
| Gull | Daníel Breki Elvarsson | 60m grindahlaup | 10,02s |
| Gull | Þorvaldur Gauti Hafsteinsson | 800m hlaup | 2:00,91m |
| Silfur | Daníel Breki Elvarsson | Hástökk | 1,84m |
| Silfur | Daníel Breki Elvarsson | Langstökk | 6,45m |
| Silfur | Hjálmar Vilhelm Rúnarsson | Hástökk | 1,75m |
| Silfur | Hjálmar Vilhelm Rúnarsson | Stangarstökk | 2,90m |
| Silfur | Hreimur Karlsson | 60m grindahlaup | 10,21s |
| Silfur | Arndís Eva Vigfúsdóttir | Kúluvarp | 10,59m |
| Silfur | Sara Mist Sigurðardóttir | 3000m hlaup | 15:31,86m |
| Silfur | Arna Hrönn Grétarsdóttir | Stangarstökk | 1,90m |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Silfur | Hugrún Birna Hjaltadóttir | Þrístökk | 10,42m |
| Silfur | Ísold Assa Guðmundsdóttir | Kúluvarp | 10,70m |
| Brons | Sara Mist Sigurðardóttir | 1500m hlaup | 7:00,64m |
| Brons | Sara Mist Sigurðardóttir | Stangarstökk | 1,70m |
| Brons | Ísold Assa Guðmundsdóttir | Þrístökk | 10,25m |
| Brons | Ísold Assa Guðmundsdóttir | Hástökk | 1,49m |
| Brons | Vignir Steinarsson | Hástökk | 1,57m |
| Brons | Vignir Steinarsson | Þrístökk | 10,17m |
| Brons | Vésteinn Loftsson | Þrístökk | 11,19m |
| Brons | Daníel Breki Elvarsson | 400m hlaup | 53,86s |
| Brons | Aldís Fönn Benediktsdóttir | 2000m hlaup | 8:32,05m |
| Brons | Bryndís Embla Einarsdóttir | Þrístökk | 10,27m |
| Brons | Hugrún Birna Hjaltadóttir | 60m grindahlaup | 9,90s |
| Brons | Arna Hrönn Grétarsdóttir | Hástökk | 1,49m |
| Brons | Hanna Dóra Höskuldsdóttir | 60m grindahlaup | 10,35s |

**Meistaramót Íslands, innanhúss**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Brons | Þorvaldur Gauti Hafsteinsson | 800m hlaup | 1:58,45m |
| Brons | Hjálmar Vilhelm Rúnarsson | Hástökk | 1.82m |

**Meistaramót Íslands í fjölþrautum**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Silfur | Hjálmar Vilhelm Rúnarsson | Sjöþraut 16-17 ára | 4213 stig |
| Silfur | Ísold Assa Guðmundsdóttir | Fimmtarþraut | 2357 stig |

**Bikarkeppni FRÍ, innanhúss**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Silfur | Örn Davíðsson | Kúluvarp | 14,53 m |
| Silfur | Hjálmar Vilhelm Rúnarsson | Þrístökk | 13,82m |
| Brons | Ísold Assa Guðmundsdóttir | Stangarstökk | 2,60m |

**Bikarkeppni FRÍ, 15 ára og yngri, innanhúss**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Gull | Bryndís Embla Einarsdóttir | Kúluvarp | 11,13m |
| Silfur | Anna Metta Óskarsdóttir | 60m hlaup | 4,74m |
| Silfur | Anna Metta Óskarsdóttir | Langstökk | 11,13m |

**Unglingameistaramót Íslands, utanhúss**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Gull | Þorvaldur Gauti Hafsteinsson | 800m hlaup | 2:02,25m |
| Gull | Hjálmar Vilhelm Rúnarsson | Þrístökk | 13,33m |
| Gull | Hjálmar Vilhelm Rúnarsson | Kúluvarp | 13,52m |
| Gull | Hjálmar Vilhelm Rúnarsson | Sleggjukast | 35,27m |
| Gull | Hjálmar Vilhelm Rúnarsson | Spjótkast | 55,28m |
| Gull | Vésteinn Loftsson | Kringlukast | 45,78m |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Gull | Daníel Breki Elvarsson | Spjótkast | 49,61m |
| Gull | Aldís Fönn Benediktsdóttir | 2000m hlaup | 9:56,38m |
| Gull | Arndís Eva Vigfúsdóttir | Kúluvarp | 11,27m |
| Gull | Bryndís Embla Einarsdóttir | Spjótkast | 42,04m |
| Gull | Bryndís Embla Einarsdóttir | Sleggjukast | 38,39m |
| Gull | Hugrún Birna Hjaltadóttir | 400m grindahlaup | 78,71s |
| Gull | Ísold Assa Guðmundsdóttir | Hástökk | 1,53m |
| Gull | Ísold Assa Guðmundsdóttir | Stangarstökk | 2,60m |
| Gull | Ísold Assa Guðmundsdóttir | Kringlukast | 28,46m |
| Gull | Hanna Dóra Höskuldsdóttir | Spjótkast | 30,52m |
| Gull | Hildur Helga Einarsdóttir | Kúluvarp | 10,96m |
| Gull | Hildur Helga Einarsdóttir | Kringlukast | 31,59m |
| Silfur | Hjálmar Vilhelm Rúnarsson | Stangarstökk | 3,10m |
| Silfur | Hjálmar Vilhelm Rúnarsson | Kringlukast | 45,78m |
| Silfur | Kristján Kári Ólafsson | Sleggjukast | 32,12m |
| Silfur | Bryndís Embla Einarsdóttir | Kúluvarp | 11,24m |
| Silfur | Arndís Eva Vigfúsdóttir | Kringlukast | 37,13m |
| Silfur | Hugrún Birna Hjaltadóttir | 100m grindahlaup | 17,37s |
| Silfur | Hugrún Birna Hjaltadóttir | Langstökk | 4,94m |
| Silfur | Sara Mist Sigurðardóttir | 1500m hlaup | 7:06,42 m |
| Silfur | Sara Mist Sigurðardóttir | 3000m hlaup | 15:13,25 m |
| Silfur | Arna Hrönn Grétarsdóttir | Hástökk | 1,47m |
| Silfur | Ísold Assa Guðmundsdóttir | Þrístökk | 10,18m |
| Silfur | Hjördís Katla Jónasardóttir | Stangarstökk | 2,10m |
| Silfur | Dagmar Sif Morthens | Spjótkast | 34,99m |
| Silfur | Hanna Dóra Höskuldsdóttir | 100m grindahlaup | 16,79s |
| Silfur | Hanna Dóra Höskuldsdóttir | Hástökk | 1,56m |
| Silfur | Hanna Dóra Höskuldsdóttir | Kringlukast | 31,44m |
| Silfur | Hanna Dóra Höskuldsdóttir | Sleggjukast | 25,47m |
| Brons | Vésteinn Loftsson | Kúluvarp | 11,96m |
| Brons | Vésteinn Loftsson | Sleggjukast | 29,63m |
| Brons | Krisján Kári Ólafsson | Kringlukast | 31,21m |
| Brons | Arndís Eva Vigfúsdóttir | Hástökk | 1,48m |
| Brons | Bryndís Embla Einarsdóttir | Kringlukast | 36,98m |
| Brons | Hugrún Birna Hjaltadóttir | 400m hlaup | 64,48s |
| Brons | Hugrún Birna Hjaltadóttir | Þrístökk | 9,88m |
| Brons | Ísold Assa Guðmundsdóttir | Langstökk | 4,54m |
| Brons | Ísold Assa Guðmundsdóttir | Kúluvarp | 10,74m |
| Brons | Sara Mist Sigurðardóttir | Stangarstökk | 1,70m |
| Brons | Sara Mist Sigurðardóttir | Sleggjukast | 29,57m |
| Brons | Hanna Dóra Höskuldsdóttir | Langstökk | 4,85m |
| Brons | Hildur Helga Einarsdóttir | Spjótkast | 28,28m |
| Brons | Hildur Helga Einarsdóttir | Sleggjukast | 29,28m |

**Meistararmót Íslands, utanhúss**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Silfur | Bryndís Embla Einarsdóttir | Spjótkast | 44,61m |

**Världsungdomspelen**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Gull | Bryndís Embla Einarsdóttir | Kúluvarp | 12,25m |
| Silfur | Bryndís Embla Einarsdóttir | Spjótkast | 43,19m |
| Silfur | Hjálmar Vilhelm Rúnarsson | Spjótkast | 57.77m |

**Bikarkeppni FRÍ, utanúss**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Gull | Kristinn Þór Kristinsson | 3000m hlaup | 9:27,40m |
| Silfur | Örn Davíðsson | Spjótkast | 69,34m |
| Silfur | Hjálmar Vilhelmsson | Þrístökk | 13,31m |
| Silfur | Bryndís Embla Einarsdóttir | Spjótkast | 44,75m |
| Brons | Hanna Dóra Höskuldsdóttir | 100m grindahlaup | 16,52 s |

**Bikarkeppni FRÍ, 15 ára og yngri, utanhúss**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Gull | Arndís Eva Vigfúsdóttir | Kúluvarp | 11,39m |
| Gull | Bryndís Embla Einarsdóttir | Spjótkast | 48,79m |
| Gull | Anna Metta Óskarsdóttir | Langstökk | 5,19m |
| Silfur | Arndís Eva Vigfúsdóttir | Kringlukast | 36,65m |
| Brons | Anna Metta Óskarsdóttir | 300m hlaup | 45,24 s |

## HSK met á árinu 2024

## Utanhúss

### Karlaflokkur

| | | | |
|---|---|---|---|
| Maraþon | 2:59,14 | Sigursveinn Sigurðsson | Kaupmannahöfn 5/5/24 |

### Stúlkur 20-22 ára

| | | | |
|---|---|---|---|
| Spjótkast (600gr) | 42,03m | Bryndís Embla Einarsdóttir | ÍR völlur 29/5/24 |
| Spjótkast (600gr) | 42,90m | Bryndís Embla Einarsdóttir | Akureyri 29/6/24 |
| Spjótkast (600gr) | 44,61m | Bryndís Embla Einarsdóttir | Akureyri 29/6/24 |
| Spjótkast (600gr) | 44,75m | Bryndís Embla Einarsdóttir | Kópavogur 17/8/24 |

### Stúlkur 18-19 ára

| | | | |
|---|---|---|---|
| Spjótkast (600gr) | 42,03m | Bryndís Embla Einarsdóttir | ÍR völlur 29/5/24 |
| Spjótkast (600gr) | 42,90m | Bryndís Embla Einarsdóttir | Akureyri 29/6/24 |
| Spjótkast (600gr) | 44,61m | Bryndís Embla Einarsdóttir | Akureyri 29/6/24 |
| Spjótkast (600gr) | 44,75m | Bryndís Embla Einarsdóttir | Kópavogur 17/8/24 |

**Stúlkur 16-17 ára**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Spjótkast (500gr) | 43,56m | Bryndís Embla Einarsdóttir | Selfoss 23/5/24 |
| Spjótkast (600gr) | 42,03m | Bryndís Embla Einarsdóttir | ÍR völlur 29/5/24 |
| Spjótkast (600gr) | 42,90m | Bryndís Embla Einarsdóttir | Akureyri 29/6/24 |
| Spjótkast (600gr) | 44,61m | Bryndís Embla Einarsdóttir | Akureyri 29/6/24 |
| Spjótkast (500gr) | 44,44m | Bryndís Embla Einarsdóttir | Akureyri 30/6/24 |
| Spjótkast (500gr | 44,87m | Bryndís Embla Einarsdóttir | Akureyri 30/6/24 |
| Spjótkast (600gr) | 44,75m | Bryndís Embla Einarsdóttir | Kópavogur 17/8/24 |
| Stangarstökk | 2,80m | Ísold Assa Guðmundsdóttir | Kópavogur 17/8/24 |

**Piltar 16-17 ára**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Tugþraut 16-17 | 6025stig | Hjálmar Vilhelm Rúnarsson | Selfossi 23/5/24 |
| 800m hlaup | 1:58,40 | Þorvaldur Gauti Hafsteins | ÍR völlur 29/5/24 |
| 4x100m boðhlaup | 46,33 | Sveit HSK/Selfoss<br>Vésteinn, Ívar Ylur, Þorvaldur Gauti og Hjálmar Vilhelm | Selfoss 22/6/24 |

**Stúlkur 15 ára**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Spjótkast (500gr) | 43,56m | Bryndís Embla Einarsdóttir | Selfoss 23/5/24 Landsmet |
| Spjótkast (600gr) | 42,03m | Bryndís Embla Einarsdóttir | ÍR völlur 29/5/24 |
| Spjótkast (600gr) | 42,90m | Bryndís Embla Einarsdóttir | Akureyri 29/6/24 |
| Spjótkast (600gr) | 44,61m | Bryndís Embla Einarsdóttir | Akureyri 29/6/24 Landsmet |
| Spjótkast (500gr) | 44,44m | Bryndís Embla Einarsdóttir | Akureyri 30/6/24 Landsmet |
| Spjótkast (500gr) | 44,87m | Bryndís Embla Einarsdóttir | Akureyri 30/6/24 landsmet |
| Kringlukast (0,75) | 30,82m | Bryndís Embla Einarsdóttir | Gautaborg 7/7/24 Landsmet |
| Kringlukast (0,75) | 36,44m | Bryndís Embla Einarsdóttir | Gautaborg 7/7/24 Landsmet |
| Kringlukast (0,75) | 38,12m | Bryndís Embla Einarsdóttir | Gautaborg 7/7/24 Landsmet |
| Spjótkast (600gr) | 44,75m | Bryndís Embla Einarsdóttir | Kópavogur 17/8/24 Landsmet |
| Spjótkast (400gr) | 46,98m | Bryndís Embla Einarsdóttir | Kópavogur 17/8/24 |
| Spjótkast (400gr) | 47,74m | Bryndís Embla Einarsdóttir | Kópavogur 17/8/24 |
| Spjótkast (400gr) | 48,79m | Bryndís Embla Einarsdóttir | Kópavogur 17/8/24 Landsmet |
| Kringlukast (600) | 40,81m | Bryndís Embla Einarsdóttir | Akureyri 25/8/24 |
| Kastþraut | 2384 | Bryndís Embla Einarsdóttir | Selfossi 3/9/24 |

**Stúlkur 14 ára**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fimmtarþraut | 2576 | Anna Metta Óskarsdóttir | Hafnarfj. 27/7/24 Landsmet |

**Piltar 14 ára**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Hálfmaraþon | 1:42,22klst | Andri Már Óskarsson | Akureyri 4/7/24 |

**Piltar 13 ára**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Hálfmaraþon | 1:42,22klst | Andri Már Óskarsson | Akureyri 4/7/24 |
| 2000m hlaup | 7:40,42 mín | Magnús Tryggvi Birgisson | Laugar 13/7/24 |
| 1000m boðhlaup | 3;03,17 mín | Sveit HSK<br>Magnús Tryggvi, Hróbjartur, Birkir Aron og Kristján | Kópavogur 17/8/24 |

**Piltar 12 ára**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Hálfmaraþon | 1:42,22klst | Andri Már Óskarsson | Akureyri 4/7/24 |
| 300m hlaup | 52,86 sek | Andri Már Óskarsson | Hafnarfj. 4/7/24 Landsmet |

**Piltar 11 ára**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 3000m hlaup | 12;41,59m | Andri Már Óskarsson | ÍR völlur 29/5/24 |
| Hálfmaraþon | 1:42,22klst | Andri Már Óskarsson | Akureyri 4/7/24 |
| 300m hlaup | 52,86 sek | Andri Már Óskarsson | Hafnarfjörður 4/7/24 |
| 400m hlaup | 72,08 sek | Andri Már Óskarsson | Laugar 13/7/24 |
| 10km götuhlaup | 45,55 min | Andri Már Óskarsson | Selfoss 10/8/24 |
| 80m grind(76,2) | 17,43 sek | Andri Már Óskarsson | Akureyri 24/8/24 |

**Innanhúss**

**Stúlkur 18-19 ára**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Þrístökk | 11,46m | Anna Metta Óskarsdóttir | Reykjavík 16/11/24 |

**PIltar 18-19 ára**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 800m hlaup | 2;00,91 m | Þorvaldur Gauti Hafsteins | Reykjavík 14/1/24 |
| 800m hlaup | 1;58,45m | Þorvaldur Gauti Hafsteins | Reykjavík 18/2 /24 |

**Stúlkur 16-17**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Langstökk | 5,27m | Hugrún Birna Hjaltadóttir | Reykjavík 13/1/24 |
| Þrístökk | 11,46m | Anna Metta Óskarsdóttir | Reykjavík 16/11/24 |

**Piltar 16-17 ára**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 800m hlaup | 2;00,91m | Þorvaldur Gauti Hafsteins | Reykjavík 14/1/24 |
| 800m hlaup | 1;58,45m | Þorvaldur Gauti Hafsteins | Reykjavík 18/2/24 |
| Þrístökk | 13,82m | Hjálmar Vilhelm Rúnars | Hafnarfjörður 17/3/24 |
| Kúluvarp 5 kg | 14,51m | Hjálmar Vilhelm Rúnars | Reykjavík 16/11/24 |
| Kúlvuarp 5 kg | 15,18m | Hjálmar Vilhelm Rúnars | Reykjavík 16/11/24 |

**Stúlkur 15 ára**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 2000m hlaup | 8;35,02m | Aldís Fönn Benediktsdóttir | Reykjvavík 13/1/24 |
| Þrístökk | 11,46m | Anna Metta Óskarsdóttir | Reykjavík 16/11/24 |

**Stúlkur 14 ára**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 300m hlaup | 44,45 s | Anna Metta Óskarsdóttir | Hafnarfjörður 2/11/24 |
| Langstökk | 5,30m | Anna Metta Óskarsdóttir | Hafnarfjörður 2/11/24 |
| Þrístökk | 11,46m | Anna Metta Óskarsdóttir | Reykjavík 16/11/24 |
| 3000m hlaup | 13:31,20m | Anna Metta Óskarsdóttir | Reykjavík 30/12 24 |

**Piltar 11 ára**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fimmtarþraut | 4077 stig | Andri Már Óskarsson | Reykjvík 20/1/24 |
| 1500m hlaup | 5:38,57m | Andri Már Óskarsson | Hafnarfjörður 30/1/24 |
| 60m grind (50cm) | 11,22s | Andri Már Óskarsson | Akureyri 6/4/24 |
| 60m grind (50cm) | 10,95s | Andri Már Óskarsson | Akureyri 30/11/24 |

## Frjálsíþróttaárið hjá 11-14 ára

Það var æft af krafti á árinu og mikil spenna sem fylgdi því að fara í keppnisferð til Gautaborgar um sumarið hjá þeim sem voru 13 ára og eldri. Þessi hópur er samansettur úr tveimur flokkum. Hópur 3: Börn fædd 2012-2013 æfðu 3x í viku um veturinn og sumarið og hópur 4, börn fædd 2010-2011 æfðu 5x í viku fram á sumarið en þá æfðu þau 4x í viku. Vetraræfingarnar fara fram í Lindexhöllinni í flottu aðstöðunni sem að frjálsarnar hafa þar og á sumrin er svo æft úti á frjálsíþróttavelli. Á haustin færast svo iðkendur upp um flokka og elstu börnin flytjast upp í Meistaraflokk.

Að þjálfun flokksins komu nokkrir aðilar og reyndi því mikið á gott samstarf og samtal. Ágústa Tryggvadóttir tók við flokknum haustið 2022, sá um upplýsingarnar og þjálfaði krakkana 2x í viku, með henni voru svo margreyndir þjálfarar á öðrum æfingum, Ólafur Guðmundsson var á einni æfingu í viku og lagði upp með stangarstökksþjálfunina og Hildur Helga Einarsdóttir aðstoðaði þau á öllum þessum æfingum. Rúnar Hjálmarsson sá svo um styrktaræfingarnar hjá hópi 4 sem voru 2x í viku og Þuríður Ingvarsdóttir þjálfaði 1x í viku.

Það sem var einkennandi við hópinn þetta tímabil var einstaklega samheldin hópur og aðdáunarverð vinátta á meðal liðsfélaga. Það sem stóð upp úr hjá flokknum á árinu var skemmtileg ferð til Gautaborgar 3.-10. júlí þar sem frábær árangur náðist og svo Íslandsmeistaratitillinn á MÍ 11-14 ára á Laugum þar sem við komum, sáum og sigruðum.

## Janúar-maí

Árið byrjaði á fullum krafti.

**Stórmót ÍR** var 20.-21. janúar. Selfoss átti 30 keppendur á mótinu í öllum aldursflokkum og unnu til 30 verðlauna, 11 gull, 10 silfur og 9 brons og fjölmargar bætingar litu dagsins ljós.

**Aldursflokkamót HSK** var 28. janúar í Lindexhöllinni. Selfoss sigraði stigakeppni mótsins með glæsibrag og unnu til 60 verðlauna, 23 gullverðlaun, 22 silfurverðlaun og 15 bronsverðlaun.

**Meistaramót Íslands 11-14 ára** var í Laugardalshöllinni 10.-11. febrúar og þar kepptu börnin fyrir HSK/Selfoss sem endaði í 4. sæti í stigakeppninni. Það voru margir á meðal 10 efstu í grein sem gaf félaginu stig og vann hópurinn allur til 15 verðlauna samtals, 3 gull, 7 silfur og 5 brons. Í einstaka flokkum sigruðu 14 ára stúlkur stigakeppnina og 11 og 13 ára piltar urðu í 2. sæti. Anna Metta Óskarsdóttir bætti mótsmetið í þrístökki, 10,93 m.

**Bónusmót FH** fór fram í Kaplakrika 9. mars og áttum við nokkra fulltrúa þar sem gerðu gott mót og bættu sig í mörgum greinum.

**Bikarkeppni FRÍ 15 ára og yngri** var í Kaplakrika 17. mars. HSK/Selfoss sendi A og B kvennalið til keppninnar og A karlalið. A liðið endaði í 5. sæti í heildarstigakeppninni þar sem kvennaliðið náði 2. sæti og og karlaliðið 8. sætið. B liðið lenti svo í 9. sæti. Við vorum 6 sinnum á meðal þriggja efstu í hverri grein, 3 sinnum í fyrsta sæti, 2 sinnum í öðru sæti og 1 sinni í þriðja sæti.

**Vormót HSK** var haldið á Selfossvelli 22. mai og áttum við nokkra fulltrúa þar sem áttu flott mót.

**Vormót ÍR** var haldið á Laugardalsvelli 29. maí og áttum við nokkra fulltrúa þar sem gerðu gott mót og bættu sig.

## Júní-september

Sumarið var okkar tími og eljan og dugnaðurinn sem lagt var inn um veturinn skilaði sér.

**Aldursflokkamót HSK** var haldið á Selfossvelli 11.-12. júní. Selfoss vann til 80 verðlauna á mótinu og sigraði heildarstigakeppnina nokkuð auðveldlega. 33 gull, 26 silfur og 21 brons. Mótið tókst vel til og góður árangur náðist.

**19. júní mót FH** fór fram í Kaplakrika og áttum við nokkra fulltrúa þar sem stóðu sig vel og einhverjar bætingar litu dagsins ljós.

**Gautaborgaleikar** fóru fram 5.-7. júlí við íslenskar aðstæður, rigningu og rok. Keppendur Frjálsíþróttadeildar Selfoss stóðu sig frábærlega á mótinu og komu heim með eitt gull og 2 keppendur að auki komust í úrslit í einni grein. Hjá þessum hópi stóð upp úr gull hjá Ástu Kristínu Ólafsdóttur í spjótkasti 13 ára stúlkna þegar hún kastaði spjótinu 36,31m. Birkir Aron Ársælsson og Magnús Tryggvi Birgisson komust báðir í úrslit í einni grein. Birkir bætti sig talsvert í spjótkasti, kastaði 31,35m og endaði í 8. sæti. Magnús Tryggvi stórbætti sig í þrístökki, 10,64 og hafnaði í 7. sæti.

